


Mynd 2. Viðhorf nemenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands til þess að mæta reglulega í skólann – 410 af 430 svöruðu þessari spurningu.



Mynd 3. Ánægja nemenda með námið við Menntavísindasvið Háskóla Íslands eftir námsstigi og námsformi.

geta stundað nám meðfram vinnu. Almenn umræða og fjöldi skýrsla benda til þess að það sé enn nokkuð almennt viðhorf að HÍ þurfi að þjóna fólki á landsbygðinni með því að bjóða upp á fjarnám. Á nýlegri ráðstefnu um *Nám fullorðinna, þróun dreifbýlis og gagnvirk skapandi tækni*² kom til dæmis fram hjá þátttakendum að margir þeirra sáu fjarnám einmitt sem leið til að jafna tækifæri íbúa landsins til náms. Þannig mætti sjá fjarnám við HÍ sem leið skólans til að þjóna öllum Íslendingum, óháð búsetu og aðstæðum.

Helmingur fjarnema er í vinnu. Það sem er eftirtektarvert í tengslum við atvinnuþátttöku nemenda við MVS er að flestir stunda þeir vinnu sem tengist náminu beint eða óbeint. Niðurstöðurnar benda því til þess að margir nýti námið við skólann annað hvort til að öðlast starfsréttindi á eigin starfsvettvangi eða til að auka hæfni sína á því sviði.

Nemendahópurinn á MVS er fjölbreyttari en almennt í HÍ, að minnsta kosti hvað aldur snertir. Töluverður munur er á stað- og fjarnemum þar sem staðnemendur eru yngri, búa frekar í foreldrahúsum, ljúka fleiri einingum og fleiri meðal þeirra eru í náminu af

áhuga fremur en til þess að ná sér í starfsréttindi líkt og algengara er á meðal fjarnema. Niðurstöður úr þessari spurningakönnun og símakönnunum, ásamt greiningu á eldri skýrslum og öðrum gögnum sem lýsa samtíma og spá í framtíðina, eru efniviður sem starfshópur

um þróun fjarnámsins mun nota til að smíða líkön fyrir nám og kennslu. Líkönin eiga að styðja stjórnendur og kennara við HÍ til að taka ákvarðanir um hvernig sveigjanleika á tilteknum námsleiðum og námskeiðum verður háttáð.

Heimsókn

Erasmus+ heimsóknir

Anna Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

Í febrúar 2018 heimsóttu okkur góðir gestir frá Bergen í Noregi; Henning Klafstad, Sigrun Lindaas Norhagen og Xavier Bonète frá Høgskulen på Vestlandet HVL þau komu til að fræða okkur um námsum sjónarkerfið Canvas, rafræna kennsluhætti og hvernig hægt er að nýta vefmálstofur (e webinars) í kennslu

Í mars fengum við heimsókn frá Gergely Rakoczi frá Technische Universität Wien í

Austurríki Hann kom hingað til að kynna sér áherslur Háskóla Íslands í fjarnámi og skoða hvernig við notum námsumsjónar kerfið Moodle

Í október komu tvær konur frá Jagiellonian University í Kraká í Póllandi þær höfðu mikinn áhuga á starfi Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og hvernig miðstöðin vinnur eftir gæðastöðlum

2 <https://namfullordinna.is/adult-learning-rural-development-and-interactive-creative-technologies/>